

**3. Fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.** Haldinn þriðjudaginn 30. október kl. 17:00 í ráðhúsi hrunamannahrepps.

Mætt: Valdís Magnúsdóttir, formaður, Bjarni A. Hjaltason og Unnsteinn Eggertsson, varamaður Daða Geirs Samúelssonar. Unnsteinn ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri og Daði Geir Samúelsson sem var í sambandi við fundarfólk í gegnum snjallsíma á meðan á fundinum stóð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.
2. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.
3. Fjárhagsáætlun vegna fráveitumála.
4. Gjaldskrá fyrir fráveitu.
5. Gjaldskrá fyrir móttöku og meðhöndlun á seyru.
6. Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa.
7. Opnunartími gámasvæðis

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Gengið var til dagskrár sem send var fundarfólkí í tölvupósti þann 19. september.

**1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.**

Sveitarstjóri fór yfir forsendur áætlunarinnar.

Hvað varðar hreinsun bæjarlandsins þá er ljóst að leggja þarf meiri áherslu á eyðingu á skógarkerfli í áætluninni. Nefndin leggur til að liðurinn verði hækkaður um 300.000 kr. til að mæta þessu.

Varðandi sorphreinsun er gert ráð fyrir að bæta við einni hirðingu á blátunnunni þar sem flokkað verður meira í þá tunnu, sbr. síðustu fundargerð. Ljóst er að greiða þarf tölувart með þessum málaflokki, eins og raunin hefur verið. Þó er alltaf stefnan að ná þeirri tölum nærlausum rekstri.

Vegna aukinnar flokkunar er ljóst að gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði við kynningu og innleiðingu í fjárhagsáætlun.

**2. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.**

Farið var yfir gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir næsta ár. Kostnaður vegna þessa hefur hækkað mikið undanfarin ár og ljóst er að bregðast þarf við því.

Helsta breytingin er að bætt er við hirðingu á blátunnu og hækkar sorphirðugjaldið því úr 6.900 kr. í 13.800 vegna þessa. Sorpeyðingagjaldið hækki um 7% hjá sumarhúsum og atvinnufyrirtækjum, en gjald vegna heimila verði óbreytt. Aukasorpgjaldið hækki sömuleiðis um 7%.

Leiga á sorpílátum hækki í takt við verðlag, þ.e. 2,8%.

Gjaldskráin rædd og borin upp til atkvæða, samþykkt samhljóða.

V.M.

B.AH

GG

**3. Fjárhagsáætlun vegna fráveitumála.**

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti forsendur áætlunarinnar. Undir þessum lið var farið yfir reksturinn á Seyrustöðum og verkefninu í heild.

**4. Gjaldskrá fyrir fráveitu.**

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti forsendur áætlunarinnar.

**5. Gjaldskrá fyrir móttöku og meðhöndlun fyrir seyru.**

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti forsendur áætlunarinnar.

**6. Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa.** Fundurinn verður haldinn þann 8. nóvember n.k. hér í Hrunamannahreppi og liggur dagskrá fundarins fyrir.

**7. Opnunartími gámasvæðis.**

Málið rætt. Samþykkt að opnunartími vegna umferðar ökutækja verði á bilinu 9.00 til kl. 20.00, alla daga vikunnar. Breytingin verði kynnt í Pésanum og á vefnum, t.d. á heimasíðunni undir liðnum "þjónusta" og á Facebook síðu sveitarfélagsins.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 18:50.

(sign.) Daði Geir Samúelsson

J.M.  
G. Egger

BFFL